

Sæl öll,

sendi hér bókun (eða eftir atvikum sérálit) við skýrslu stýrihóps um Elliðaárdal.

**Bókun Hildar Björnsdóttur við skýrslu stýrihóps um Elliðaárdal:**

Fulltrúinn gagnrýnir vinnubrögð Orkuveitu Reykjavíkur við tæmingu lónsins en betur hefði farið á því að leita samráðs við borgarráð, mikilvæga hagaðila og íbúa nærliggjandi svæða, áður en ákvörðun um tæmingu yrði tekin. Eins eru gagnrýnd vinnubrögð stýrihópsins við úrvinnslu skýrslunnar en fulltrúum gafst sáralítill tími til yfirllesturs og athugasemda.

Fulltrúinn leggur áherslu á að stýrihópurinn, eða eftir atvikum borgaryfirvöld, fari þess á leit við Orkuveitu Reykjavíkur að leitað verði leiða til að hækka vatnsyfirborð við stífluna, að teknu tilliti til lífríkisins í Elliðarárdalnum. Þannig megi skapa farsæla sátt og gott samspil milli lífríkis í dalnum og íbúa nærliggjandi svæða.

Bestu kveðjur,

**Hildur Björnsdóttir**

*Borgarfulltrúi*

[hildurb@reykjavik.is](mailto:hildurb@reykjavik.is)